

Fimmtudaginn 18. júní 1998.

Nr. 28/1998.

**Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Benóný Friðriki Færseth**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Fiskveiðibrot.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 7. janúar 1998. Krefst ákærvaldið þess, að refsing ákærða verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraði, og ákærða auk þess gert að greiða allan sakarkostnað og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð á báðum dómstigum.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins í málinu.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða. Eftir að ákærði framdi brot sitt, komu til framkvæmda lög nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sem leystu af hólmi eldri lög um sama efni nr. 81/1976. Háttsemi ákærða fól í sér brot gegn 5. gr. yngri laganna, sem hér eiga við, eins og nánar er mælt fyrir um í 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að öðru leyti er háttsemi ákærða réttilega heimfærð til refsíákvæða í héraðsdómi.

Niðurstaða héraðsdóms um refsingu ákærða verður staðfest um annað en vararefsingu, sem er ákveðin, eins og í dómsorði segir. Verða jafnframt staðfest ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um sakarkostnað að öðru leyti en því, að ákærða verður að auki gert að greiða saksóknarlaun í ríkissjóð vegna meðferðar málsins í héraði. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og dómsorði greinir.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Benóný Friðrik Færseth, greiði 400.000 krónur í sekt í Landhelgissjóð Íslands. Komi 50 daga varðhald í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu sakarkostnaðar skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði saksóknarlaun í ríkissjóð vegna meðferðar málsins í héraði, 120.000 krónur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

**Dómur Héraðsdóms Suðurlands 18. desember 1997.**

Ár 1997, fimmtudag 18. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands í málinu nr. S-47/1997: Ákærvaldið gegn Benóný Friðriki Færseth, kveðinn upp dómur þessi.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með ákæru, út gefinni af sýslumanninum í Vestmannaeyjum 29. júlí 1997 á hendur Benóný Friðriki Færseth, Faxabraut 66, Keflavík, fæddum 17. febrúar 1955, fæðingarnúmer 208, skipstjóra á togskipinu Sigurfara, GK-138, skipaskrárnúmer 1743, fyrir fiskveiðibrot með því að hafa sunnudaginn 27. júlí 1997 verið á togveiðum á skipinu, sem er 117,59 brúttórúmllestir og 25,76 lengdarmetrar, í fiskveiðilandhelgi Íslands innan þriggja sjómílna frá fjörumarki suðaustur af Reynisdröngum, á svæði, þar sem allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar.

Telst þetta varða við 2. mgr. 2. gr. og 3. gr. C 7, sbr. 1. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 17. gr. og 21. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. lög nr. 38/1990, og 1. gr., sbr. 5. og 6. gr. reglugerðar um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi nr. 67/1993, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 299/1975 og lög nr. 44/1948.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá er þess einnig krafist, að ákærði verði dæmdur til að sæta upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innanborðs samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 27. júlí 1997, er varðskipið Ægir var

á austurleið vestur af Dyrhólaey, varð vart við bát innan við 3 sml. mörkin suðaustur af Reynisdröngum. Samkvæmt ratsjárferli varðskipsins var báturinn á togferð með vestlæga stefnu.

Samkvæmt bréfi skipherrans á v/s Ægi, dags. 27. júlí 1997, voru eftirfarandi staðarákvarðanir gerðar:

Kl. 0904 miðaðist Mávadrangur rv. 091,4° fjarl. 2,53 sml. Samtímis miðaðist báturinn rv. 100,8° fjarl. 10,2 sml. Gefur þetta stað bátsins um 0,62 sm. innan 3 sml. markanna (EVH-GGG-KG).

Kl. 0910 miðaðist Mávadrangur rv. 060° fjarl. 1,02 sml. Samtímis miðaðist báturinn rv. 099,6° fjarl. 8 sml. Gefur þetta stað bátsins um 0,58 sm. innan 3 sml. markanna (EVH-GGG-KG).

Kl. 0913 miðaðist Lundadrangur rv. 029° fjarl. 0,73 sml. Samtímis miðaðist báturinn rv. 100,4° fjarl. 6,90 sml. Gefur þetta stað bátsins um 0,42 sm. innan 3 sml. markanna (EVH-GGG-KG).

Kl. 0916 miðaðist Lundadrangur rv. 329,7° fjarl. 0,88 sml. Samtímis miðaðist báturinn rv. 101,4° fjarl. 5,92 sml. Gefur þetta stað bátsins um 0,34 sm. innan 3 sml. markanna (EVH-GGG-KG).

Kl. 0922 miðaðist Lundadrangur rv. 297,2° fjarl. 2,54 sml. Samtímis miðaðist báturinn rv. 103,2° fjarl. 3,86 sml. Gefur þetta stað bátsins um 0,21 sm. innan 3 sml. markanna (EVH-GGG-KG).

Kl. 0928 miðaðist Lundadrangur rv. 290,8° fjarl. 4,34 sml. Samtímis miðaðist báturinn rv. 105° fjarl. 2,00 sml. Gefur þetta stað bátsins um 0,18 sm. innan 3 sml. markanna (EVH-GGG-KG).

Loks var kl. 0935 gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið G-1388 með DGPS-staðsetningartæki 63°21,507'N– 018°54,897'V. Gefur þetta stað bátsins um 0,18 sm. innan 3 sml. markanna.

Að auki kemur fram í bréfi skipherrans, að kl. 0932 hafi hlerar sést fara í sjó, og hafi þá jafnframt sést, að báturinn var Sigurfari, GK-138, sknr. 1743. Kallað hafi verið í bátinn á rás 16 VHF, en hann hafi ekki svarað, fyrr en búíð var að gefa hljóðmerki með flautu skipsins. Kl. 0955 hafi skipstjóri GK-138 verið fluttur um borð í varðskipið, og viðurkenndi hann að hafa verið að veiðum á því tímabili, er varðskipsmenn mældu staði GK-138, en vefengdi mælingarnar og taldi sig hafa verið á mörkum.

Stýrimenn varðskipsins hafa komið fyrir dóminn og lýst því, hvernig að mælingum var staðið.

Fyrir dómi ítrekaði ákærði, að hann rengdi mælingar varðskipsins, einkum fyrstu 3 punktana. Hann hafi við yfirheyrslu hjá lögreglu, við skoðun á því korti, sem þar lá frammi, vefengt alla punktana, en við nánari athugun á legu landhelgislínunnar geti hann fallist á réttmæti fjögurra síðustu mæl-

inga. Ákærði segir, að ástæður þess, að hann vefengi þessa 3 punkta, séu þær, að hann hafi verið að draga í ákveðnu miði, en þessir punktar stemmi ekki við það mið. Í lögregluskýrslu sinni segist hann hafa farið eftir því miði, að Lundadrangur hafi verið í miðju gati á Dyrhólaey, en leiðréttir það nú og segir, að það hafi verið Kambur, en ekki Lundadrangur, sem hafi borið í mitt gatið. Hann hafi haft það til hliðsjónar við togstefnu sína og alltaf haft dranginn í gatinu.

Í skipsdagbók er skráð af ákærða, að hann hafi kastað í 180° réttvísandi, en fyrir dómi sagði ákærði, að þarna hefði verið um misritun að ræða og ætti að vera 280° réttvísandi. Ákærði kvaðst hafa kastað skáhallt upp að landinu og farið síðan yfir á stefnuna 280° réttvísandi og verið með 125 faðma af vír úti. Hann ítrekar, að drangurinn hafi verið í gatinu allan tog-tímamann, en hann hafi togað yfir Flatahraun í stefnu 280° réttvísandi. Hann getur ekki útskýrt, hvers vegna stefnan á punktunum 4–7 liggi nær 230° en 280° réttvísandi, annað en það, að það hafi stafað af því, að hann var að hifa. Á þessum tíma, segir ákærði, hafi ekki verið merkjanlegur straumur. Hann hefur staðhæft, að miðið drangurinn í gatinu sé algengt sjónmið og mikið notað. Hann segist hafa séð strandlínu í ratsjá, en skip sitt sé búið GPS-tæki með leiðréttingabúnaði, og einnig séu um borð tvær ratsjár, önnur af gerðinni Kelvin Hughes, en hin af tegundinni Furno. Þá sé einnig „plotter“, en sjókortin séu í plotternum. GPS-tækinu og ratsjanni hafi borið saman um staðsetningu.

Ákærði hefur borið fyrir dómi, að fullvissa sín um staðsetningu á tímabilinu frá kl. 09.00 til 09.33 byggist á hinu sjónræna miði, drangurinn í mitt gatið. Hann segir það alkunna staðreynd, að haldi menn sig við þetta mið, séu þeir utan línu og ekki sé verið að hugsa um ratsjá, þegar menn eru á þessum slóðum, einkum með tilliti til, að brim getur brenglað fjarlægðarmælingu til strandar, þannig, að brimgarðurinn getur virst sem strönd.

Ákærði segir, að þriggja mílna línán sé ekki föst lína í plotternum, en hann hafi teiknað hana inn í kortið eftir ratsjá. Hann telur, að þessari togstefnu, sem fylgi sjónmiðinu, geti hann haldið u. þ. b., þangað til hann eigi 3 1/2 mílu í Reynisfjall, en þá þurfi hann að sveigja, þannig, að drangurinn færist suður eftir í gatinu.

Þá hefur ákærði borið því við, að ekki megi reiða sig á eldri staðsetningu á landhelgislinunni, þar sem hún sé miðuð við fjörumark, en það hafi breyst vegna ágangs sjávar og því flust til.

Að ósk sækjanda og verjanda var Guðjón Ármann Eyjólfsson, skóla-meistari Sjómannaskólans í Reykjavík, fenginn til að útsetja mælingar varðskipsins að nýju á þann hátt, sem greinir í bréfi verjanda ákærða, dags. 3.

nóvember sl., en þar segir: „...að fenginn verði hlutlaus og óvilhallur sjómælingamaður, sem fari yfir mælingar Landhelgisgæslu Íslands í máli þessu og tjái sig um síðustu 3 – 4 mælingarnar og staðfesti, hvort skjólstæðingur minn var samkvæmt þeim innan línu eða ekki. Jafnframt láti hann uppi álit á því, hvort mælingar úr fjarlægð geti valdið skekkjumörkum, og að öðru leyti, hvað þurfi að fara úrskæiðis, til þess að skekkjur myndist. Sérstaklega er spurt eftir því, hvort smávægileg skekkja í gírókompás geti valdið skekkju í slíkum mælingum“.

Þá setti hann einnig út í kortið fjörumark samkvæmt GPS-mælingum Reynis Ragnarssonar, lögregluvarðstjóra í Vík, sem gerðar voru 6. nóvember sl.

Samkvæmt dskj. 13 voru mælipunktur hans við mælingu á fjöruborð vestan Múlakvíslar sem hér segir:

Mælipunktur	Norðlæg breidd	Vestlæg lengd
3	63°24,741'	018°55,707'
4	63°24,683'	018°55,097'
5	63°24,616'	018°54,447'
6	63°24,534'	018°53,812'

Mælipunktur hans við mælingu á fjöruborði á svæðinu milli Múlakvíslar og Miðkvíslar reyndust vera sem hér segir:

Mælipunktur	Norðlæg breidd	Vestlæg lengd
7	63°24,421'	018°53,230'
8	63°24,413'	018°53,081'
9	63°24,398'	018°52,392'
10	63°24,356'	018°51,712'
11	63°24,303'	018°51,063'
12	63°24,234'	018°50,419'
13	63°24,154'	018°49,768'
14	63°24,058'	018°49,089'

Mánudaginn 10. nóvember voru gerðar mælingar á fjöruborði undan Vík í Mýrdal og allt austur að Kötlutanga af stýrimönnum varðskipsins Ægis í umsjá skipherra. Mælingarnar voru gerðar með tveimur GPS-tækjum og ratsjá. Voru niðurstöður mælinganna settar út í sjókort 32, og hefur það verið lagt fram í málinu sem dskj. 22.

Að tilhlutan Landhelgisgæslunnar fór fram 11. nóvember mæling á fjöruborði milli Miðkvíslar að vestan og Múlakvíslar að austan. Mælingarnar

gerði Ásgrímur L. Ásgrímsson, starfandi deildarstjóri við mælingadeild Sjó-  
mælinga Íslands. Í skýrslu hans, dagsettri 11. nóvember sl., segir svo: „Við  
staðsetningu var notað Rockwell AN/PSN-11(V) GPS-staðsetningartæki.  
Tæki þetta er forritað með svokölluðum P-kóða, sem leyfir því að nema  
ótruflað merki frá gervitunglum eigenda GPS-kerfisins, þ. e. stjórnvalda  
Bandaríkjanna. Þetta tiltekna tæki er eign Hafrannsóknastofnunar bandarí-  
ska sjóhersins (US Naval Oceanographic Office – NAVO), og hafa Sjó-  
mælingar Íslands tækið að láni um þessar mundir.“

Þá greinir mælingamaðurinn frá því í skýrslu sinni, að hugsanleg stað-  
setningarskekkja sé mæld í metrum eða FOM (figure of merit), sem  
er kvarði frá 1 – 9. Allar mælingar, sem gerðar voru við þetta tækifæri,  
höfðu gæðin FOM 1, sem þýðir, að nákvæm staðsetning liggur innan  
25 metra radius frá mældum stað tækisins. Þá er getið um samanburð við  
landmælingastöpulinn LM 0352, sem er á Reynisfjalli og er í grunnstöðva-  
neti Landmælinga Íslands. Síndi mæling á þeim punkti frávik 0,471 metra.  
Loks lætur mælingamaðurinn þess getið, að samanburður hans á mælingum  
með tækinu og öðrum landmælingastöplum hafi aldrei farið upp fyrir 7  
metra.

Samkvæmt skýrslu mælingamannsins voru allar staðsetningar mældar  
með tækið stillt á viðmiðun WGS-84 og þeim síðan breytt til samræmis við  
Hjørsey 1955-viðmiðunina með stuðli, sem heimfærður er á íslenskt sjókort  
nr. 32, en stuðull þessi er viðurkenndur af Alþjóðasjómmælingastofnuninni.  
Mælingum, sem voru gerðar í gráðum, mínútum og sekúndum, var síðan  
breytt í gráður, mínútur og þúsundustu hluta úr mínútu til þess að auðvelda  
útsetningu þeirra.

Niðurstaða mælinganna varð sem hér sést:

Mælipunktur	Norðlæg breidd	Vestlæg lengd
1 (3)	63°24,361'	018°53,086'
2 (4)	63°24,366'	018°52,632'
3 (1)	63°24,280'	018°51,345'
4 (2)	63°24,181'	018°50,430'

Mælipunktarnir eru ekki merktir á sama hátt á korti því, sem fylgdi  
skýrslunni á skj. nr. 24. Tölurnar innan sviga eru auðkenni mælipunktanna  
á kortinu.

Staðsetning á mælistöpli á Reynisfjalli var mæld og borin saman við hnit  
Landmælinga Íslands.

	Norðlæg breidd	Vestlæg lengd
Staðsetning samkvæmt Rockwell-tækinu	63°25'08.02"	019°01'35.16"
Staðsetning samkvæmt mælikerfi Landm. Ísl.	63°25'08.02505"	019°01'35.19203"

Á dómþingi 11. nóvember sl. staðfesti deildarstjóri Sjósmælinga Íslands skýrslu sína og greindi frá því, að 1. mæling hefði verið gerð kl. 10.13; 2. mæling kl. 10.26; 3. mæling kl. 10.47; 4. mæling kl. 11.04.

Þá upplýsti hann einnig, að fjara hefði verið við Hvanney kl. 8.08 og við Vestmannaeyjar kl. 8.57. Við mælingarnar hafi þeir farið niður í fjöruna við efsta mál sjávar og gert mælingarnar þar. Hann áttar, að þar sem þeir hafi verið staddir, hafi verið ca. 100 metrar upp að bakkanum, og giskaði á, að stórstraumsflóð væri einhvers staðar þar á milli.

Þessar mælingar, sem gerðar voru að ákærða viðstöddum, eru í þokkalegu samræmi við niðurstöður lögregluvarðstjórans frá 6. nóvember sl., sem getið er hér að framan. Munurinn er ekki meiri en svo, að hann geti skýrst af mismunandi sjávarstöðu.

Þá hefur komið fram í málinu, að þegar lögreglumaðurinn í Vík gerði mælingarnar, var það gert á þann hátt, að ekið var rétt ofan við flæðarmálið. Athuganir Landmælinga Íslands voru gerðar, þegar fallið var að um ca. 1/3, en þegar athuganir lögregluvarðstjórans voru gerðar, var hálfallið að.

Á dskj. nr. 11 gerir skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík grein fyrir þeim skekkjum, sem hugsanlega kynnu að hafa ruglað niðurstöður mælinganna. Að teknu tilliti til skekkjuvalda hefur skólameistarinn útsett í kort stað Sigurfara, GK-138, miðað við mælingar varðskipsins 27. júlí 1997 með miðunarskekkjunni +/- 1°,5 og mælt fjarlægð m/b Sigurfara á tvo vegu:

- miðað við fjöruborð í sjókorti 32,
- miðað við fjöruborð skv. mælingum, sem gerðar voru með GPS 6. nóvember sl.

Útsetningarnákvæmni í sjókortið telst 0°5 og fjarlægðir mældar út með nákvæmninni 0,1 sjómíla. Ekki er tekið tillit til hugsanlegrar fjarlægðarskekkju ratsjár, sem hefur þarna engin teljandi áhrif miðað við „þrjár mílur frá fjörumarki meginlandsins“.

Miðunarskekkja	Sett út	Fjarlægð frá fjöruborði skv. sjókorti nr. 32	Fjarlægð frá fjöruborði skv. mælingu 6–11–97	
1	+ 1°5	102°5	2,8 sml.	2,9 sml.
	- 1°5	99°5	2,2 sml.	2,3 sml.
2	+ 1°5	101°	2,7 sml.	2,9 sml.
	- 1°5	98°	2,3 sml.	2,5 sml.
3	+ 1°5	102°	2,8 sml.	3,0 sml.
	- 1°5	99°	2,4 sml.	2,6 sml.
4	+ 1°5	103°	2,8 sml.	3,0 sml.
	- 1°5	100°	2,5 sml.	2,7 sml.
5	+ 1°5	104°5	2,9 sml.	3,1 sml.
	- 1°5	101°5	2,7 sml.	2,9 sml.

Séu öll skekkjumörk þannig virt ákærða til hagsbóta og tekið tillit til breytinga á fjöru, kemur í ljós, að ákærði hefur verið að veiðum 0,1 sml. fyrir innan landhelgislínuna samkvæmt tveimur fyrstu mælingunum. Samkvæmt þriðju og fjórðu mælingu er Sigurfari, GK-138, nákvæmlega á landhelgislínunni og samkvæmt fimmtu mælingu 0,1 sml. fyrir utan landhelgislínuna.

Samkvæmt lið C 7 í 3. gr. laga nr. 81/1976 eru veiðar með botnvörpu og flotvörpu leyfðar utan línu, sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins. Fjörumark er ekki sérstaklega skilgreint í lögum né heldur í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga, er það var lagt fram á Alþingi. Samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs er fjörumark skilgreint sem „efstu mörk aðfalla“. Fjörumark er þannig þau mörk, er koma fram, þegar sjór gengur hæst á land við stórstraumsflóð.

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 38/1990 er landhelgin skilgreind svo: „Til fiskveiði-landhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands, eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.“

Í þessum lögum er því um að ræða aðra skilgreiningu á viðmiðun landhelginnar, því að fjöruborð er sá staður, sem sjór mætir þurru landi hverju sinni. Þannig er fjöruborðið hreyfanlegt og getur þá hreyfst verulega á sama degi, einkum ef um er að ræða grunnsævi.

Fjörumarkið stórstraumsfjöruborð er hins vegar allvel mörkuð lína, þótt hún geti breyst í árunna rás fyrir tilverknað eldsumbrota eða ágangs sjávar.

Rétt þykir að leggja til grundvallar mælingar Reynis Ragnarssonar lög-reglumanns, sem sýna fjörumarkið nokkru norðar en mælingar Landmælinga Íslands, enda benda lýsingar á aðstöðu við mælingarnar, svo sem sjávarföllum, og að eðli máls hefur bifreið lögreglunnar verið ekið nokkru fjær sjónum en unnt var að fara um fótgangandi. Þannig verður ákærði látinn njóta þess vafa, sem fram kemur í mismuni á mælingunum.

Ákærði hefur vefengt þrjár fyrstu mælingar skipstjórnarmanna varðskipsins og styður það því, að hann hafi togað eftir miðinu „Kamburinn í gatið á Dyrhólaey“.

Í tilefni þessarar fullyrðingar ákærða óskaði dómurinn eftir því, að gerðar yrðu á því mælingar, hvar lína lægi, sem dregin væri eftir fyrrgreindu miði. Fór varðskip á staðinn og gerði þar tvær mælingar. Voru þær settar út í kort, sem lagt var fram í málinu. Í bréfi því, er fylgdi kortinu, kemur fram, að mælingum hafi borið saman og Kambur í báðum tilvikum miðast í rv. 291,8°.

Sú fullyrðing ákærða, að hann hafi togað eftir því miði stenst því ekki, því að hann hefur viðurkennt aðrar mælingar varðskipsins en þær þrjár hin- ar fyrstu, en ljóst er, að við fjórðu og fimmtu mælingu er hann innan við það mið, sem hann segist hafa togað eftir, og stefnan er ekki í samræmi við, að togað sé eftir miðinu.

Ljóst er, svo sem áður hefur verið rakið, að nokkur munur getur verið á flæðarmáli og fjöruborði. Sá munur er hins vegar svo smávægilegur, að ekki verður það talið breyta staðsetningu landhelgislínunnar svo mjög, að það leiði til þess, að unnt hafi verið að telja skip ákærða utan landhelgi, þar sem það mældist við tvær fyrstu mælingarnar.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, telst því sannað þrátt fyrir andmæli ákærða, að hann hafi að morgni sunnudagsins 27. júlí 1997 verið með skip sitt, Sigurfara, GK-138, á togveiðum á skipinu, sem er 117,59 brúttórumlestir og 25,76 lengdarmetrar, í fiskveiðilandhelgi Íslands innan þriggja sjómílna frá fjörumarki sudaustur af Reynisdröngum, á svæði, þar sem allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar, eins og greinir í ákæruskjali, en þar er hegðun ákærða nægilega lýst og hún réttilega færð til refsíákvæða.

Veiðarfæri um borð í skipinu voru 92 feta gamalt kassatroll með varanet- um, 100 feta gamalt fótreipistroll, 700 faðmar af nýlegum 22 mm togvír og 800 kg toghlera. Voru veiðarfæri þessi metin á 950.000 kr. án vsk.

Afli um borð reyndist vera:

Tegund	Stærðarfl.	Fjöldi kera	Magn í kerri	Magn alls
Ufsi	bl. góður	2	350 kg	700 kg
Bl. koli		1	70 kg	70 kg
Ýsa	bl. stór	4	375 kg	1.500 kg
Ýsa	má. bl. um	2	400 kg	800 kg
Gullkarfi		1	20 kg	20 kg
Porskur	stór	2	300 kg	600 kg
Alls:		12		3.690 kg

Verðmæti afla var áætlað 213.300 kr.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu 28. júlí 1997, jafngilda 100 gullkrónur 4.446,67 krónum.

Ákærði hlaut samkv. sakavottorði 180 þús. kr. sekt fyrir brot gegn 2. og 3. gr., sbr. 21. og 17. gr. laga nr. 81/1976, með dómi Héraðsdóms Suðurlands 24. júlí 1996, en auk þess voru afli og veiðarfæri um borð í Sigurfara, GK-138, gerð upptæk. Öðrum refsingum, sem hér kunna að skipta máli, hefur hann ekki sætt.

Refsing ákærða samkv. framangreindum refsíákvæðum og með vísan til fyrra fiskveiðibrots hans þykir hæfilega ákveðin 400.000,00 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 65 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómshirningu. Samkv. 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 er upptækur til Landhelgissjóðs Íslands allur afli m/b Sigurfara, GK-138, í frammanefndri veiðiferð svo og veiðarfæri hans. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar hrl., 120.000 kr.

Kristján Torfason dómstjóri dæmir mál þetta ásamt meðdómsmönnum Friðriki Ásmundssyni og Ólafi M. Kristinssyni.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Benóný Friðrik Færseth, Faxabraut 66, Keflavík, fæddur 17. febrúar 1955, fæðingarnúmer 208, greiði 400.000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 65 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómshirningu.

Þá er gerður upptækur til Landhelgissjóðs Íslands allur afli m/b Sigurfara, GK-138, í frammanefndri veiðiferð svo og veiðarfæri hans. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar hrl., 120.000 kr.